

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út úr höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0,18 á rúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftár en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 19,80 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldsskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 6,70 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 14,20 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 39,15 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 3,85 fyrir hvern rúmmetra.

Gjald skv. 5. flokki skal vera 0,85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 3,20.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 12. janúar 1981, sbr. auglýsingu nr. 11 12. janúar 1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 557 2. október 1980.

Samgönguráðuneytið, 15. janúar 1981.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar,
nr. 269 11. júní 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a) Öll farnskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 0,36 á brúttórúmlest.
- b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 0,18 á brúttórúmlest.

- c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórumlestum greiði kr. 0,36 á brúttórumlest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d) Bátar minni en 10 brúttórumlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 24,60 á brúttórumlest, þó aldrei minna en kr. 123,55.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 0,18 á brúttórumlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórumlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórumlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 19,80 af hverri brúttórumlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 73,15 fyrir hvert skip, auk kr. 0,18 fyrir hverja brúttórumlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 15,95 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

- Fyrir vörur í 1. flokki kr. 6,70 fyrir hver 1000 kg.
- Fyrir vörur í 2. flokki kr. 14,20 fyrir hver 1000 kg.
- Fyrir vörur í 3. flokki kr. 39,15 fyrir hver 1000 kg.
- Fyrir vörur í 4. flokki kr. 3,85 fyrir hvern rúmmetra.
- Gjald skv. 5. flokki skal vera 0,85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 3,20.

Reglugerð hessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 12. janúar 1981, sbr. auglýsingu nr. 11 12. janúar 1981 og birtist til eftirbreytni öllum heim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 477 15. ágúst 1980.

Samgönguráðuneytið, 15. janúar 1981.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Birgir Guðjónsson.